

Alþingi
Erindi nr. P 133/665
komudagur 15.12.2006



Líffræðiskor raunvísindadeildar
Askja - náttúrufræðahús
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4600
Bréfasími: 525 4069

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

12. desember 2006

Umsögn líffræðiskorar raunvísindadeildar Háskóla Íslands um þingskjal 294, 281.
mál:
Frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands

Líffræðiskor Háskóla Íslands þakkar menntamálanefnd Alþingis fyrir bréf dags. 23. nóvember 2006 þar sem skorinni er boðið að gefa umsögn um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er forsaga íslensks náttúrufræðasafns orðin býsna löng og hefur verið þyrnum stráð lengst af. Mjög brýnt er að koma upp veglegu náttúrugripasafni og því ber að fagna þessu frumvarpi.

Líffræðiskor gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

I. kafli

1. gr. “*Safnið er höfuðsafn á sviði náttúrufræða*”.

Orðið náttúrufræði er ekki skilgreint í frumvarpinu og ekki ljóst hvernig viðfangsefni safnsins eru afmörkuð, svo sem hvort það tekur til allra sviða líffræði, eða til jarðeðlisfræði, efnafræði eða eðlisfræði. Er safninu t.d. ætlað að fjalla um jarðskjálfta á Íslandi, um efnafræði grunnvatns og um norðurljós? Mikilvægt er að safnið verði nútímalegt og lifandi og nýttir verði möguleikar fjölmiðlunar, meðfram hefðbundnum uppstillingum á sýningarmunum.

3. gr. *“Náttúrufræðistofnun Íslands er vísindalegur og faglegur bakbjarl Náttúruminjasafnsins og annast að verulegu leyti rannsóknaskyldu þess”.*

Það hljómar einkennilega að gera ráð fyrir því að Náttúruminjasafnið hafi skyldu til rannsókna en framkvæmd hennar sé falin annarri stofnun. Ef Náttúruminjasafnið hefur rannsóknaskyldu, sem hlýtur að teljast eðlilegt, þá ætti hún að vera hluti af starfsskyldum sérfræðinga safnsins. Jafnframt ætti að vera hægt að gera samninga við sérfræðinga á öðrum stofnunum um rannsóknir á þeim efnivið og upplýsingum sem safnið geymir.

II. kafli

5. gr.(viðbót). *“Við Náttúruminjasafn Íslands skal starfa fjölskipað fagråd sem ráðgjafahópur um uppbyggingu og starfsemi safnsins.”*

Æskilegt verður að teljast að slíkt fagråd yrði starfandi við safnið frá upphafi til að tryggja að sem flestar hugmyndir um uppbyggingu og rekstur safnsins komi fram og verði teknar til rækilegrar skoðunar af stjórnendum þess.

III. kafli


6. gr. *“Safninu er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir lán á munum...”*

Beinar tekjur yrðu aldrei annað en dropi í hafið í samanburði við beinan kostnað. Óbeinar tekjur yrðu hins vegar miklar ef vel er til vandað, bæði vegna bættrar almannafræðslu og uppeldis, en einnig vegna ferðamennsku hvers konar.

Lagt er til að í stað ákvæðis um aðgangseyri verði safninu tryggðar tekjur sem hlutfall af þeim beinu og óbeinu þjóðartekjum sem menntakerfið og ferðaþjónusta skapa.

Virðingarfyllst,

f.h. líffræðiskorar raunvísindadeildar
Háskóla Íslands



Guðni Á. Alfredsson, prófessor
skorarformaður líffræðiskorar
Háskóla Íslands